Nd. **250. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 73, frá 7. mai 1928, um slysatryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin álítur frv. til bóta, en vill gera á þvi breytingar í samráði við framkvæmdastjóra slysatryggingarinnar. Biðtími iðntryggingarinnar verði 10 dagar,

í stað viku, sem í frv. er, og fallast flm. frv. á það til samkomulags. Greinilegra þykir að taka upp alla 2. málsgr. 4. greinar laganna í frvgr. Þá þykir og rétt að krefjast ekki réttarprófs út af slysum, nema þegar slysatryggingin óskar þess eða lélegum úthúnaði eða hirðuleysi er um slysið að kenna.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

I. 1. gr. frv. orðist svo:

4. gr. 2. málsgr. orðist svo:

a. Ef meiðslin valda sjúkleika lengur en 10 daga, þá skal greiða þeim, er fyrir slysinu varð, dagpeninga eftir þann tíma og þangað til hann verður vinnufær eða úrskurður er felldur um varanlega örorku eða maðurinn deyr, þó ekki lengur en 6 mánuði. Dagpeningar eru 5 kr. á dag; þó mega þeir aldrei fara fram úr $^{3}/_{4}$ af venjulegu dagkaupi eða tekjum mannsins við þá atvinnu, er hann hafði þegar slysið varð. Et hinn slasaði er lögskráðnr skipverji, fer um rétt hans eftir 95 gr. laga nr. 56, 30. nóv. 1914, fyrstu 4 eða 8 vikurnar, en síðan eftir lögum þessum.

II. Á eftir 1. gr. frv. komi ný gr., er verður 2. gr. og orðist svo:

Síðasti málsl. 12. gr. orðist svo:

Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ófullnægjandi upplýst, eða ef ástæða er til að ætla, að slysið hafi orsakazt af hirðuleysi eða af lélegum útbúnaði, eða slysatryggingin óskar þess einhverra ástæðna vegna, skal lögreginstjóri halda réttarpróf í málinu.

Alþingi, 10. marz 1930.

Gunnar Sigurðsson, form. Héðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskr. Magnús Guðmundsson.

Magnús Torfason. Hákon Kristófersson.